

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpförgun á Austur-Héraði.

1. gr.

Bæjarstjórn Austur-Héraðs er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphirðu-, sorpflutnings- og sorpförgunargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist sem hér greinir:

a) Föst búseta, regluleg sorphirða	kr. 9.100
b) Föst búseta, engin sorphirða	kr. 5.460
c) Sorpgjald frístundahúsa	kr. 3.640
d) Grunngjald sorpgjalda fyrirtækja	kr. 9.100

3. gr.

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs þann 20. desember 2000.

Egilsstöðum, 15. janúar 2001.

Pórhallur Pálsson,

forstöðumaður umhverfisviðs Austur-Héraðs.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskráin er eftirfarandi:

	kr.
Lögbyli án íbúðarhúss	6.000
Íbúðarhús	5.000
Frístundahús (sumarhús)	3.000
Fyrirtæki	6.000

Sveitarstjórn tekur tillit til magns og flokkunar úrgangs frá fyrirtækjum og öðrum aðilum er þjónustuna nota.

3. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps 20. desember 2000 og sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarnarnir, með síðari breytingum og sbr. samþykkt nr. 417/2000 fyrir sorphirðu í Grímsnes- og

Grafningsshreppi til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 112/2000 fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningsshreppi.

Grímsnes- og Grafningsshreppi, 12. janúar 2001.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Húnaþings vestra.

1. gr.

Gildissvið og eignaraðild.

Reglugerð þessi gildir um veitusvæði hitaveitunnar sem er Laugarbakkí í Miðfirði og Hvammstangi við Miðfjörð. Reglugerðin getur einnig gilt á öðrum svæðum í sveitarfélaginu eftir því sem sveitarstjórn Húnaþings vestra ákveður og ráðherra samþykkir samkvæmt orku-lögum.

2. gr.

Stjórn hitaveitu.

Sveitarstjórn fer með stjórn hitaveitunnar. Einnig getur sveitarstjórn skipað hitaveitunni sérstaka stjórn.

Hitaveitan er sjálfstæður rekstraraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili hitaveitunnar er að Klapparstíg 4, Hvammstanga.

Sveitarstjórn eða sá aðili sem sveitarstjórn kann að fela starfið annast bókhald og fjárreiður hitaveitunnar og sér um innheimtu hitaveitugjalda.

3. gr.

Verkefni hitaveitu.

Það er verkefni hitaveitunnar að afla heits vatns úr borholum í landi Reykja í Miðfirði og dreifa því til notenda gegn gjaldi sem ákveðið skal í gjaldskrá, sem staðfest er af ráðherra.

4. gr.

Einkaleyfi hitaveitu.

Hitaveita Húnaþings vestra hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu heits vatns á svæði því, sem hún nær yfir, sbr. 1. gr.

5. gr.

Veitukerfið.

Hitaveita Húnaþings vestra tekur við öllum eigum Hitaveitufélags Miðfirðinga, Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps og Hitaveitu Hvammstanga sbr. 1. grein, sem voru í eigu Hvammstangahrepps og Ytri-Torfustaðahrepps fyrir sameiningu sveitarfélaga í Vestur-Húnavatnssýslu þann 7. júní 1998. Hitaveita Húnaþings vestra selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim sem gerð hafa verið að tilstuðlan sveitarstjórnar eða kunna að verða gerð í Húnaþingi vestra skv. gjaldskrá fyrir hvert hitaveitusvæði eins og þau eru eða verða skilgreind í gjaldskrá.